

Mánudaginn 14. febrúar 1938.

Nr. 143/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Theodór Magnússyni** (Eggert Claessen).

Kæra fyrir brot á lögum um matvælaeftirlit.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

### Dómur hæstaréttar.

Á svonefndum „bolludegi“ veturinn 1937 lét matvælaeftirlit ríkisins taka í brauðgerðarhúsi kærða sýnishorn af lögun, sem nota átti í húð á bollur, bakaðar þar. Var sýnishorn þetta síðan efnagreint og við rannsóknina reyndust í því efni þau, sem greind eru í hinum áfrýjaða dómi. Í málinu er það upplýst, að á „bolludaginn“ sjálfan, og næstu daga fyrir hann og eftir, seldi kærði meðal annars bollur, sem voru með þunnri húð að ofan úr lögun þessari eða samskonar lögun, en í henni var samkvæmt efnarannsókninni meðal annars lítið eitt af kakao eða kakaóhýði, sem gerði það að verkum, að lögunin og síðan húðin á bollunum varð lík súkkulaði á litinn. Að því er séð verður, setti kærði húð þessa aðeins ofan á svonefndar púnsbollur og seldi þær undir því nafni. Hinsvegar er ekki upplýst, að hann hafi um þetta leyti sett húðina á eða selt svokallaðar súkkulaðibollur, enda þótt það komi fram í málinu, að bakameistarar hér í bænum setji að jafnaði húð úr sömu eða svipuðum efnum og kærði notaði á hvorutveggja þessar bollutegundir.

Reglugerðaákvæði þau, sem kærða er gefið að sök að hafa brotið, hafa stoð í lögum nr. 24 frá 1936,

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum. Í 1. gr. þeirra segir, að tilgangur laganna sé að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því, að hverskonar matmæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur skorti eðlilega hollustu, eða þær séu skaðlegar heilbrigði manna, eða menn séu gabb- aðir til þess að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru, og verður að skýra ákvæði reglugerðanna með hliðsjón af þessum ákvæðum.

Það er upplýst, að ekkert óheilnæmi var í húðinni, eins og hún var úr garði gerð. Þá kemur hvergi fram, að kærði hafi sett þessa súkkulaðilituðu húð á púns- bollur sínar í því skyni að gabba þá, er keyptu þær, til þess að halda það, að súkkulaðihúð væri á þeim, enda er það og algerlega óupplýst mál, að almenn- ingur vænti þess, að á slíkum bollum sé súkkulaði- húð, jafnvel þótt hún sé með slíkum lit. Loks verður að telja, að húðin sé svo óverulegur hluti af vör- unni sjálfri (púnsbollunum), að hún hafi ekki getað blekkt menn til að kaupa bollurnar eða neyta þeirra í þeirri trú, að þær væru annars efnis eða eðlis en þær voru í raun og veru.

Við efnarannsóknina á lögum þeirri, sem tekin var í brauðgerðarhúsi kærða og notuð var í húðina á boll- urnar, fannst vottur af pappír. Efni þetta getur ekki, í svo litlum mæli sem það fannst í vörinni, talizt „annarlegt“ efni í þeim skilningi, sem eðlilegast er að leggja í það orð í þessu sambandi. Og ekki þarf það, að pappírstætla komst í lögunina, að vera vott- ur þess, að nægilegs hreinlætis hafi ekki verið gætt við tilbúning hennar.

Samkvæmt framansögðu verður því ekki talið, að kærði hafi við tilbúning umræddrar lögunar eða

með notkun hennar á púnsbollur sínar og sölu þeirra hagað sér þannig, að verknaður hans varði við lög. Ber því að sýkna hann í þessu máli og dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað þess, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs talsmanns kærða í héraði, svo og málflytningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Theodór Magnússon, skal vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 50.00, til skipaðs verjanda í héraði, Eggerts Claessen hæstaréttarmálflytningsmanns, og málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 80 krónur til hvors.

**Dómur löggluréttar Reykjavíkur 15. októ. 1937.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Theodór Magnússyni bakara, til heimilis á Frakkastíg 14 hér í bæ, fyrir brot gegn reglugerð nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur, sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir þann 10. desember 1917 undirgengizt vegna brauðgerðarfirms Theódór & Siggeir að greiða 50 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð frá 5/9 1917, en hefir ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Þann 8. febrúar s. l. lét matvælaeftirlit ríkisins taka sýnishorn af lögum,

er nota átti í húð á súkkulaðibollur í brauðgerðarhúsi kærðs, Theódórs Magnússonar, á Frakkastíg 14 hér í bænum.

Við rannsókn reyndist efnainnihald lögunar þessarar vera það, er hér segir:

Vatn .....	18,0%
Aska .....	0,9—
Tótal fita .....	0,6—
Saccharose .....	72,5—
Önnur efni .....	8,0—

Mikrósκόpi: Nokkuð af kakaóhýði, talsvert að hveiti, auk þess rúsínur og pappír. Hefir forstöðumaður matvælaeftirlits ríkisins, dr. Jón E. Vestdal, talið, að þar sem sýnishornið væri brúnt að lit og bollur, sem það væri notað á, væru venjulega seldar undir nafninu súkkulaðibollur, væri það til þess fallið, að villzt væri á því og súkkulaðihúð eða einhverri annari súkkulaðitegund, og telur því, að kærði hafi með notkun þessarar húðar á bollunum gerzt brotlegur gegn 3. gr. og 2. tölulið 5. gr. reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur.

Kærði hefir ekkert haft við niðurstöðu efnarannsóknarinnar að athuga og hefir borið, að bollur þær, er mál þetta snýst um, séu af almenningi ýmist kallaðar súkkulaðibollur eða púnabollur, og húðin á þeim sé brún á lit, lík litnum á súkkulaði. Húðin sé lyktarlausa, en að henni sé sykurbragð. Bollur þessar seldi kærði á bolludaginn 8. febrúar í vetur. Kærði kveðst, eftir að hann fékk vitneskju um „súkkulaðireglugerðina“, er hann svo kallar, hafa sagt stúlkunum, sem í brauðbúð hans voru, að ef fólk bæði um umræddar bollur og nefndi þær súkkulaðibollur, skyldu þær vekja athygli á því, að á þeim væri ekki súkkulaði. Afgreiðslustúlkurnar í brauðbúðinni hafa verið yfirheyrðar um þetta atriði, og hefir önnur þeirra, dóttir kærða, borið, að kærði hafi minnst á þetta við þær eftir bolludaginn. Hin stúlkana man ekki eftir, að kærði minntist sérstaklega á bollurnar, en man, að hann talaði um aðrar brauðvörur í þessu sambandi „upp úr nýárinu“, en hefir ekki getað tilgreint tímann nánar.

Dr. Jón E. Vestdal hefir borið, að margnefndar bollur séu ca. 10 cm. í þvermál, og hylji húðin, sem sé þunn, efra borð bollanna og sé hún ca. 8 cm. í þvermál.

Telur hann, að engin óheilmæmi sé í húðinni, en hún auki hvorki næringargildi né bragðgæði bollanna, en það sé hvorttveggja tilfellið, þegar súkkulaði sé notað í húðina.

Telur hann það bera vott um sóðaskap við tilbúning húðarinnar, að í henni voru rúsinuleifar og pappír, þó eigi væri það nema lítið. Eitt brauðgerðarhús hér í bæ, Björnsbakari, notaði í vetur hreint súkkulaði í bollur, og voru þær með sama nafni og þær bollur kærða, er að framman eru nefndar. Hefir kærði og skýrt frá því, að hann hafi búið til slíkar bollur í hitt eð fyrra. Þegar athugað er, hvort kærði með framleiðslu og sölu bolla þessara hefir gerzt brotlegur gegn þeim lagaákvæðum, sem málshöfðunin nær til, verður fyrst fyrir að athuga 2. tölulið 5. greinar reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur. Telja verður, að af nafninu súkkulaðibollur dragi almenníngur þá ályktun, að súkkulaði sé í húð bollanna. Orðalag nefnds ákvæðis er mjög viðtækt, sbr. orðin „getur valdið því“.

Verður eigi hjá því komizt að telja, að margumrædd húð bollanna hafi verið þannig útlits, að það gæti valdið því, að villt væri á henni og einhverjum þeim vörum, sem tilgreindar eru í 3. grein nefndrar reglugerðar, en í upphafi 5. greinar er ákveðið, að vara, sem svo sé ástatt um, skuli teljast eftirlíking eða fölsuð vara, og megi ekki hafa hana í umferð, þó að hún sé auðkennd með tilliti til þess. Auk þess er óleyfilegt að hafa pappír í nefndri húð. Telst hann „annarlegt efni“, og fellur brot kærða, hvað þetta snertir, undir 10. tölulið nefndrar greinar. Þykir því kærði hafa brotið framangreind reglugerðarákvæði, og verður sekt hans samkvæmt 9. grein nefndrar reglugerðar, sbr. 11. gr. laga nr. 24 1. febrúar 1936, talin hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talinn rannsóknarkostnað sýnishorns, kr. 50.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessens, kr. 50.00.

Í prófum mánsins er gerð grein fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Theódór Magnússon, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 50.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessens.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 16. febrúar 1938.

Nr. 61/1937. **Kristján Bergsson** (Lárus Jóhannesson)  
gegn

**Carl Jörgensen og gagnsök**  
(Einar B. Guðmundsson).

Slit á húsaleigusamningi.

#### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júní 1937, hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 191.60 í málskostnað í héraði og málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 24. júní 1937, hefir hinsvegar krafizt þess aðallega, að hann verði með dómi að fullu leystur undan leigusamningi aðilja 1. okt. 1936 þeim, er í héraðsdóminum getur, frá 14. maí 1937 til 1. okt. s. á., en til vara, að umsamin leiga verði færð niður um sama tímabil eftir mati dómsins, og til þrautavara, að héraðs-